

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf
2016

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2016.
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Úttekt.
Unnin að ósk Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á forsiðu: Trausti Þorsteinsson
ISBN 978-9935-436-57-3

Heildarniðurstöður

- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er frekar fámennur skóli með litla yfirbyggingu. Stjórnunarþrep eru skýr, boðleiðir innan skólans stuttar, traust til stjórnenda er mikið og samskipti eru alla jafna til fyrirmyndar. Skólabragurinn einkennist að jafnaði af hlýju, mikilli persónulegri nánd, og almennt góðri líðan.
- Stefna FÍV er skýr og skipulega sett fram. Skólinn er hefðbundinn áfangaskóli, náms- og kennsluhættir virðast í föstum skorðum og markvisst er unnið að eflingu sköpunar í námsferli allra nemenda. Áhrif nemenda á námsefni sem og kennsluaðferðir eru af skornum skammti.
- Unnið er að innleiðingu vottaðs gæðakerfis (ISO:9001) og vísir að gæðahandbók er kominn á heimasíðu. Unnið er að mótun ýmissa verklagsferla.
- Skólinn styðst við stefnumiðað árangursmat (balanced scorecard) í sjálfsmati sínu þar sem sett eru fram markmið, mælikvarðar og aðgerðastig til þess að bregðast við niðurstöðum. Gagna er aflað úr upplýsingakerfum skólans, með könnunum sem skólinn gerir svo og utanaðkomandi upplýsingum. Flestir matsþættir eru skoðaðir á þriggja ára fresti nema þeir sem ekki ná mælingum í samræmi við markmið.
- Allar námsbrautir FÍV uppfylla skilyrði aðalnámskrár um grunnþætti og lykilhæfni og þær eru kynntar með fullnægjandi hætti á heimasíðu skólans en vinnu við nýja skólanámskrá er ekki að fullu lokið. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum.
- Engin samræmd námsmats- eða kennslustefna er í skólanum og telja kennarar sig hafa mikið frelsi um kennsluaðferðir og kennsluhætti. Nemendur segja rafræn námsgögn lítið notuð og ómarkvisst og vilja sjá breytingar þar á. Vinnufrið í kennslustundum segja þeir mismunandi og hann fari talsvert eftir kennurum. Að þeirra mati þarf meiri fjölbreytni í kennsluháttum.
- Ánægja er með aðstöðu og búnað í vélstjórn en jafnframt var bent á að bæta þurfi búnað til verklegra tilrauna í efna- og eðlisfræði. Opnuð hefur verið fullkomnasta og stærsta Fab Lab smiðja Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í húsakynnum skólans.
- Formlegur samráðsvettvangur allra skólastiga er ekki til staðar í Vestmannaeyjum og formlegt samstarf við aðra framhaldsskóla er ekki til staðar. Kennarar hafa þar með takmarkaða möguleika til þess að þróa kennslu sína í samstarfi við kollega í sömu námsgreinum.
- Starfsbraut hefur verið við FÍV síðan 1990. Hún er vel mönnuð og býr við ágætan húsakost og aðra aðstöðu. Umhverfið er brautinni mjög hliðhollt og vel gengur að koma nemendum brautarinnar í starfsþjálfun þegar eftir því er leitað.
- Húsnæði FÍV er rúmgott og að flestu leyti fer vel um þá starfsemi er þar fer fram. Kennslustofur eru lokaðar og vinna innan þeirra fer fram undir stjórn kennara. Nám er almennt verkefnamiðaðra en áður og það krefst rýmis sem reynt er að auka með því að heimila hluta vinnunnar utan veggja kennslustofa.
- Mötuneyti er hvorki fyrir nemendur né kennara. Flestir fara heim til sín í hádegismat og skólinn tæmist að mestu í hádegishléi. Við það rofnar samhengi daglegrar viðveru og afleiðingarnar eru meðal annars þær að minna tóm gefst en ella til hversdagslegra samræðna og samvista, þ.e. mótunar eiginlegrar skólamenningar.
- Árið 2015 varð minnst brotthvarf nemenda úr FÍV á sex ára tímabili. Það gefur til kynna að skólinn hafi náð markmiði sínu um brotthvarf en unnið er að frekari árangri á þessu sviði.
- FÍV metur svo að grunnþættir menntunar séu hafðir að leiðarljósi og að þeir endurspeglar „í allri kennslu innan skólans“. Sé lítið til þess að sýnileiki sumra grunnþáttanna er lítil í daglegri starfsemi má draga í efa að grundvallarhugsun að baki þeim skili sér nægilega vel. Þá hefur skólinn ekki komið sér upp neinum aðferðum til þess að meta hve vel nemendur hafa tileinkað sér þá hvern fyrir sig.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	8
Niðurstöður ytra mats.....	15
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	15
Mat á stjórnun og skipulagi:	15
1.1. Um stefnu og áætlanir	15
1.2. Um stjórnendur	16
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	16
1.4. Um innra mat	17
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	18
Mat á kennslu og námsframboði:	18
2.1. Um námsbrautir	18
2.2. Um kennsluhætti	18
2.3. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur.....	19
2.4. Um námsmat	19
2.5. Um kennara	20
2.6. Um námsgögn	20
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	21
3.1. Um skólabrag	21
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	21
3.3. Um félagslíf nemenda	22
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	22
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	23
4.1. Mat á húsnæði og aðbúnaði:	23
Þáttur 5: Lykilárangur.....	24
Mat á lykilárangri:	24
5.1. Um námsárangur	24
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	24
5.3. Um langtímaárangur	25
Viðauki	26
Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar)	26
Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar)	29
Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar)	31
Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar)	33
Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar)	34
Heimildir og tilvísanir	34

Myndir

Mynd 1. Fjöldi nemenda í FÍV vor og haust 2010–2015.....	8
Mynd 2. Aðsókn nýnema eftir kynjum að FÍV 2010–2015.....	8
Mynd 3. Skipting nemenda á námsleiðir eftir kynjum 2010–2015.....	9
Mynd 4. Fjarvistir í % vor og haust 2015	11
Mynd 5. Skipurit FÍV 2014.....	27

Töflur

Tafla 1. Námsbrautir við FÍV 2015–2016.....	10
Tafla 2. Brotthvarf nemenda úr FÍV vor og haust 2010–2015.....	11
Tafla 3. Brautskráning af námsbrautum FÍV 2010–2015.	12
Tafla 4. Starfsheiti og fjöldi stöðugilda eftir kynjum.....	12
Tafla 5. Menntun kennara FÍV haust 2015.	13

Inngangur

Textinn hér á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (FÍV). Skýrslan skiptist í tvo hluta. Annars vegar er að finna helstu tölulegu upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður úttektaraðila í mati á fimm tilgreindum matsþáttum skv. viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytri úttekt á framhaldsskólum. Við matið er litið til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Námsmatsstofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 5. október 2015. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla. Í samningi Námsmatsstofnunar og úttektaraðila er úttekt á starfsemi FÍV, sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verktaka beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnaður og lykilarangur. Megin kaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Námsmatsstofnunar.

Ytra matið grundvallast að miklu leyti á sjálfsmati skólans sem skólinn framkvæmir í aðdraganda ytri úttektar. Meðal annarra gagna sem leitað var eftir til skólans voru skólánámskrá, upplýsingar um menntun kennara, ársskýrsla skólans, eldri úttektir og kannanir, námsmatsgögn, kennsluáætlanir, upplýsingar um námstíma við brautskráningu, brotthvarf nemenda og fjöldi kennslustunda sem felldar eru niður vegna fjarvista kennara. Að hluta til er tilgangur ytra mats að sannreyna hvort sjálfsmat skólans eigi við rök að styðjast. Í þeim tilgangi fóru ytri úttektaraðilar yfir niðurstöður sjálfsmatsins með nemendum, kennurum og stjórnendum og foreldrum nemenda. Í kjölfar þeirrar yfirferðar gáfu úttektaraðilar skólanum einkunn á sama mælikvarða og skólinn hafði sjálfur stuðst við.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dags. 18. nóvember 2015 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega. Í þriðja lagi fóru úttektaraðilar í heimsókn í skólann dagana 11. og 12. janúar 2016. Markmiðið var að kynna skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, formann skólanefndar, aðstoðarskólameistara, fjármálastjóra og skrifstofustjóra, bókasafnsfræðing og kerfisstjóra, námsráðgjafa og sérkennara starfsbrautar, umsjónarmann fasteigna, forvarnarfulltrúa og fulltrúa í foreldraráði (óskað var eftir að hitta stjórn ráðsins en aðeins einn mætti). Auk þess voru tekin rýnivíðtöl við hópa kennara og nemenda og sjálfsmatshóp skólans. Samtals var rætt við 28 manns. Leitað var eftir því við formann nemendafélagsins að boða stjórn félagsins til viðræðna við úttektaraðila en þeirri ósk var ekki sinnt. Skólameistari annaðist myndun rýnihóps nemenda. Þá var leitað liðsinnis trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihóp og varð hann snarlega við þeirri beiðni.

Niðurstöður úttektarinnar skiptast í tvo meginkafla. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um FÍV. Meðal annars er fjallað um fjölda nemenda og þróun aðsóknar að skólanum, samsetningu nemendahópsins, brotthvarf, námsbrautir og brautskrán-

ingu. Þá er fjallað um kennara skólans, fjölda þeirra, menntun, starfsmannaveltu og starfsaldur og að lokum hvernig unnið hefur verið í ljósi markmiða sem fylgdu skólasamningi 2013–2014. Í þeim síðari er mat úttektaraðila á þáttunum fimm, stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og aðbúnaði og lykilárangri. Matið er sett fram í formi greiningar á styrkleikum og veikleikum á hverjum þætti um sig. Að auki er mat lagt á hversu vel fullyrðingar, sem settar eru fram af hálfu Námsmatsstofnunar, eiga við í ólíkum viðföngum innan hvers þáttar. Hverri fullyrðingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða sem hér segir:

- A. *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- B. *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- C. *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- D. *Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Við framsetningu á mati þarf að hafa eftirfarandi í huga.

- Skáletraðir textar settir fram í römmum með gráleitum bakgrunni eru orðrétt viðmið sem koma frá Námsmatsstofnun/mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Við mat á einstökum fullyrðingum eru þrenns konar litamerkingar notaðar:
 - X merkir að mat matsaðila í FÍV og ytri matsaðila er samhljóða.
 - X merkir mat matsaðila í FÍV þegar mat þeirra og ytri matsaðila fer ekki saman.
 - X merkir mat ytri matsaðila þegar mat þeirra og matsaðila í FÍV fer ekki saman.


Í stöku tilvikum leggja úttektaraðilar ekki mat á tiltekna fullyrðingar og stendur þá rauði liturinn einn við fullyrðinguna.

Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum


Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (FÍV) var stofnaður 1979 með samruna þriggja skólaflokkanna í Vestmannaeyjum, Iðnskólans, Vélaskólans og framhaldsdeilda Gagnfræðaskólans. Haustið 1997 bættist svo fjórða skólaflokkurinn við er Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum varð að sérstakri deild innan FÍV. Þær upplýsingar sem fram koma í þessum kafla byggjast einkum á ársskýrslum skólans, sjálfsmatsskýrslum hans og gögnum frá skólameistara.

Nemendafjöldi í FÍV sl. sex ár er að meðaltali um 250 nemendur á ári. Á vorönn 2015 voru innritaðir nemendur alls 238 en á haustönn voru þeir 248 (mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi nemenda í FÍV vor og haust 2010–2015.


Eins og fram kemur á mynd 1 hefur nemendum fækkað á því sex ára tímabili sem til skoðunar er. Á árunum 2010–2011 voru nemendur um og yfir 280 en eftir það fækkaði þeim nokkuð og hafa verið um eða rétt undir 250 síðan. Þegar innritunartölur í FÍV eru skoðaðar má sjá nokkrar sveiflur í aðsókn (mynd 2).



Mynd 2. Aðsókn nýnema eftir kynjum að FÍV 2010–2015.

Eins og nærri má geta er upptökusvæði FÍV Vestmannaeyjabær en yfir 96% nemenda koma þaðan. Um og yfir 90% nemenda úr Grunnskóla Vestmannaeyja sækir um framhaldsnám í FÍV að loknu grunnskólaprófi. Af núverandi stærð árganga í Grunnskóla Vestmannaeyja má ráða að nemendum muni áfram fækka í FÍV á komandi árum.

Skólinn hefur frá upphafi haft það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma. Í því skyni leggur skólinn áherslu á að laga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja, eftir því sem við verður komið. Skipting nemenda eftir kynjum í FÍV endurspeglar allvel kynjahlutfall í eyjunni en samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru talsvert fleiri karlar en konur á framhaldsskólaaldri í Eyjum. Síðastliðin fimm ár hefur hlutdeild karla í nemendahópi skólans verið um 54% á móti 46% kvenna. Á árunum 2010–2014 innritast fleiri karlar en konur í skólann og er það fyrst árið 2015 sem konur taka yfirhöndina. Verknám af ýmsu tagi virðist fremur falla körlum í geð en bóknámið því á mynd 3 má sjá að hlutur karla í almennu nám og verknámi er mun hærri en kvenna og hlutur kvenna í bóknámi er mun hærri en hlutur karla.



Mynd 3. Skipting nemenda á námsleiðir eftir kynjum 2010–2015.

Þrátt fyrir nokkra fjölbreytni í námsframboði hefur skólanum tekist að halda meðalstærð námshópa nokkuð hárrí en á vorönn 2015 var hún 17,3 nemendur og á haustönn 2015 ívið hærri eða 18,5 nemendur.

Aldursdreifing nemenda

Frá vori 2012 til hausts 2015 hefur hlutfall 25 ára nemenda og yngri í FÍV verið yfir 90% á hverri önn og á haustönn 2015 var þetta hlutfall 93,2%. Að meðaltali eru þrjú af hverjum fjórum nemendum FÍV á aldrinum 16–19 ára á haustönn skólans á árabílinu 2012–2015. Fyrsta árs nemar (16 ára) eru um og yfir fjórðungur af nemendahópi skólans bæði 2012 og 2013 en árið 2014 innritaðist í skólann fámennur árgangur 16 ára nemenda og var einungis um 20% af nemendafjölda skólans. Haustið 2015 fjölgaði að nýju í fyrsta árgangi skólans og varð aftur um fjórðungur af nemendatölu hans.

Námsbrautir

Frá og með hausti 2015 býður FÍV upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs. Nemendur geta valið um þrjár ólíkar námsleiðir, félagsvísindalínu, náttúrufræðilínu og opna línu. Nám á stúdentsbrautinni getur verið bæði bóklegt og verklegt. Það felur í sér 110 eininga kjarna sem

allir nemendur taka. Að auki velja nemendur sína línu (pakkaval), þ.e. félagsvísindalínu (40 feín.), náttúrufræðilínu (45 feín.) eða opna línu (0 feín.). Nemendur á félagsvísindalínu velja síðan 50 einingar úr öllu námsframboði skólans, nemendur á náttúrufræðilínu velja 45 einingar en nemendur á opinni línu velja 90 einingar í samráði við námsráðgjafa. Þær einingar geta verið af hvaða tagi sem er. Nemendur sem velja verknám til stúdentspróf velja opna línu. Kennsluaðferðir eru verkefna miðaðar og gengur hugmyndafræðin í kennslunni út á að búa til námssamfélög með samvinnu kennara og nemenda þar sem samtalið á milli þeirra er mikilvægur þáttur í náminu. Þá er unnið að námsbrautarlýsingu fyrir viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir þá sem lokið hafa námi af starfsnámsbrautum skólans. Þrjár iðn- og grunnnámsbrautir eru til boða og fimm starfsréttindanámsbrautir auk fjögurra annarra námsbrauta. Þeirra á meðal er almenn námsbraut sem skiptist í þrjú áherslusvið, bóknám, verknám og íþrótt- og heilbrigðisfræði. Í töflu 1 gefur að líta yfirlit yfir þær námsbrautir sem skólinn kynnir á heimasíðu sinni.

Tafla 1. Námsbrautir við FÍV 2015–2016.

Stúdentsprófsbraut:

Félagsvísindalína
Náttúrufræðilína
Opin lína

Starfsréttindanámsbrautir:

Vélstjórnarnám A
Vélstjórnarnám B
Skipstjórnarbraut 30 r.
Skipstjórnarbraut A
Skipstjórnarbraut B

Iðn- og grunnnámsbrautir:

Rafiðn
Málmiðn
Bygginga- og mannvirkjagreinar

Aðrar námsbrautir:


Starfsbraut
Almenn námsbraut
Bóknám
Verknám
Íþrótt- og heilbrigðisfræði
Félags- og tómsundabraut
Grunnnám þjónustugreina

Skólinn hefur fengið vottun á stúdentsprófsbrautir sínar svo og starfsbraut. Nemandi sem lokið hefur stúdentsprófi frá FÍV á að hafa öðlast almenna og sérhæfða þekkingu, leikni og hæfni til að takast á við nám á háskólastigi. Sérhæfingin tengist því fræðasviði á háskólastigi sem stefnt er á. Markmið starfsbrautarinnar er að undirbúa nemendur undir lífið og þátttöku í atvinnulífinu eða frekara nám. Nemendahópurinn er breiður og námið er einstaklingsmiðað. Leitast er við að efla færni nemenda í íslensku, efla siðferðisvitund þeirra og ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust svo og umburðarlyndi. Einnig er leitast við að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, þeim kennt að njóta menningarlegra verðmæta og þeir hvattir til þekkingarleitar.

Langfjölmennastar eru stúdentsprófsbrautirnar með tæplega 46% allra nemenda skólans og er félagsfræðibraut vinsælasta brautin með um helming þeirra sem stunda nám á stúdentsprófsbrautum. Aðrar námsbrautir, þ.e. starfsbraut, almenn námsbraut, félags- og tómsundabraut og grunnnám þjónustugreina, eru með um 30% nemendafjöldans, starfsréttindanámsbrautir um 20% og iðnnámsbrautir um 4%. Hluttur kvenna er nokkru meiri á stúdentsprófsbrautum en karla eða tæplega 60% á móti liðlega 40%. Nánast tveir af hverjum þremur nemendum á starfsnámsbrautum eru karlar og iðnnám sækja nærri eingöngu karlar.

Mætingar og brotthvarf úr skóla

Í FÍV er lögð áhersla á að nemendur mæti stundvíslega í allar kennslustundir. Allar fjarvistir, veikindi, leyfi o.þ.h. ber að tilkynna í Innu. Skólasókn nemenda er metin til einkunnar. Nemandi sem er með 90% eða meira í raunverulega skólasókn fær námseiningu. Á vor- og haustönn 2015 voru mætingar eins og sjá má á mynd 4.



Mynd 4. Fjarvistir í % vor og haust 2015

Á árunum 2010–2015 (að báðum önnum meðtöldum) nam brotthvarf úr skóla að meðaltali 8,28% á hverju skólaári. Mest var brotthvarfið árið 2012 en þá hurfu 9,4% nemenda frá námi að vori og 11,6% að hausti (tafla 2).

Tafla 2. Brotthvarf nemenda úr FÍV vor og haust 2010–2015.

	Vor %	Haust %	Meðaltal
2010	6,7	7,9	7,3
2011	9,1	8,1	8,6
2012	9,4	11,6	10,5
2013	9,5	7,0	8,3
2014	11,0	5,8	8,4
2015	6,2	7,0	6,6

Að jafnaði hefur brotthvarf verið heldur meira á vorönn en haustönn. Á árunum 2010–2015 var það um 8,7% á vorönn en um 7,9% á haustönn. Vinna er algengasta ástæða brotthvarfs samkvæmt sjálfsmatskýrslu skólans 2014 og karlar eru í miklum meirihluta nemenda sem hverfa á brott.

Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2010–2015

Samkvæmt upplýsingum FÍV brautskráðust frá skólanum 226 nemendur af ellefu námsbrautum frá vori 2010 til vors 2015. Fjölmennastur var brautskráningarrhópurinn árið 2013 en þá brautskráðust 56 nemendur, þar af 45 af stúdentsprófsbrautum (tafla 3).

Tafla 3. Brautskráning af námsbrautum FÍV 2010–2015.

	2010	2011	2012	2013	2014	2015 vor	Alls
Stúdentsprófsbrautir							
Félagsfræðibraut	7	12	15	19	13	12	
Málabraut	0	1	1	1	2	0	
Náttúrufræðibraut	7	12	17	18	14	16	
Viðskipta- og hagfræðibraut	0	2	1	1	0	0	
Viðbótarnám til stúdentsprófs	0	2	1	6	4	1	
	14	29	35	45	33	29	185
Iðnnámsbrautir							
Grunndeild rafiðna	0	3	0	5	2	0	
Húsasmíðabraut	0	1	0	0	0	0	
	0	4	0	5	2	0	11
Starfsréttindabrautir							
Sjúkraliðabraut	2	2	0	3	5	0	
Vélstjórnarbraut VA	1	0	1	0	0	1	
Vélstjórnarbraut VB	3	3	1	1	1	0	
	6	5	2	4	6	1	24
Aðrar námsbrautir							
Starfsbraut fyrir fatlaða	0	1	0	2	3	0	6
Samtals:	20	39	37	56	44	30	226

Á síðustu fimm árum hafa nemendur brautskráðst að meðaltali eftir 8,08 annir. Ef einungis er miðað við þá nemendur sem ljúka stúdentsprófi er meðalnámstími 7,8 annir. Stúlkur eru að jafnaði mun fleiri en drengir í hópi brautskráðra.

Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks haust 2015

Við FÍV starfa 33 starfsmenn, 13 karlar og 20 konur, í 27,4 stöðugildum. Kennarar eru 21 í 19 stöðugildum og skiptast þeir nokkuð jafnt á milli kynja. Skiptingu starfa og fjölda stöðugilda má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Starfsheiti og fjöldi stöðugilda eftir kynjum.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfs- hlutfall	Fjöldi	Starfs- hlutfall
Stjórnendur	1	1,00	1	1,00
Kennarar	10	9,10	11	9,30
Námsráðgjafi			1	0,60
Umsjón með bókasafni			1	0,60
Kerfisstjóri	1	0,80		
Fjármálastjóri			1	0,80
Skólaritari			1	0,50
Stuðningsfulltrúi			1	0,60
Húsvörður	1	1,00		
Ræstitæknar			3	1,90
	13	11,90	20	15,30

Að auki störfuðu tveir stundakennarar á vorönn 2015 með 18 kennslutíma á viku og einn stundakennari á haustönn 2015 með 3 kennslutíma á viku. Í öllum tilvikunum þremur var um karla að ræða.

Menntun kennara

Af 21 kennarar eru þrír án kennsluréttinda en menntun kennara má að öðru leyti sjá í töflu 5.

Tafla 5. Menntun kennara FÍV haust 2015.

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	1
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	3
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	11
Önnur menntun auk kennsluréttinda	3
Háskólapróf án kennsluréttinda	1
Önnur menntun án kennsluréttinda	2

Undantekningarlítið annast kennarar þær námsgreinar sem þeir eru menntaðir til.

Starfsaldur og starfsmannavelta

Starfsaldur kennara við FÍV er að meðaltali 15,5 ár og við aðra skóla 4,4 ár. Starfsmannavelta við skólann er fremur lítil en á síðustu fimm árum hafa sjö kennarar látið af störfum og sex verið ráðnir. Á sama tímabili létu átta aðrir starfsmenn af störfum og þrír voru ráðnir í þeirra stað. Fækkun starfa kemur til af samdrætti í rekstri og auknu rekstrarlegu aðhaldi.

Forfallakennsla

Á vorönn 2015 námu forföll kennara 224 kennslustundum, forfallakennslustundir voru 12 þannig að nemendur urðu af 212 kennslustundum. Á haustönn 2015 hóf skólinn aðgerðir til að sporna við forföllum. Dregið var úr álagi á kennara með fámennari hópum og minni yfirvinnu, skipulagi breytt á dagatali annar, settar skýrari verklagsreglur og hugað enn frekar að vinnuskilyrðum og vinnustaðamenningu. Niðurstaða aðgerðanna varð til þess að verulega dró úr forföllum kennara, urðu 68 kennslustundir. Engin forfallakennsla var veitt og urðu nemendur af þessum fjölda kennslustunda.

Árlegur kennslutími

Kennslu- og námsmatsdagar á skólaárinu 2014–2015 voru samtals 179.

Markmið í viðauka með skólasamningi 2013–2014

Í viðauka með skólasamningi fyrir árin 2013–2015 eru tilgreind sex markmið skólans á tímabilinu:

1. Að auka ánægju nemenda með námsframboðið. Einungis 53% nemenda voru ánægðir með námsframboðið 2012. Markmið skólans er að hækka ánægju með námsframboðið upp í 70% árið 2014.
2. Að draga úr brotthvarfi við skólann, þannig að það verði ekki meira en 7% árið 2015.
3. Að framhaldsskólabraut og viðeigandi áfangaþýsingar verði skráð í námskrárgrunn á vorönn 2013.
4. Að auka jákvætt viðhorf nemenda til skólans úr 72% í 80% árið 2015.
5. Þarfagreining og kynning á starfsnámi og þá sérstaklega í málmiðnum. Verði lokið á haustönn 2013.
6. Að virkja umsjónarkennara í ríkari mæli og auka samvinnu við forráðamenn nema sem eru yngri en 18 ára frá skólaárinu 2013–2014.

FÍV hefur unnið að þessum markmiðum og hefur orðið nokkuð ágengt, í mismiklum mæli þó. Gerðar hafa verið breytingar á námsframboði skólans með nýrri skólanámskrá en í sjálfsmatsskýrslu 2014 kemur fram að innan við helmingur nemenda (40%) er ánægður með

námsframboð skólans. Í ljós kom að óánægja með námsframboð beinist að því að nemendur eru ekki nógu sáttir við áfangaframboð og þá sérstaklega framboð valáfanga. Rætt var við þá sem hófu nám við skólann haustið 2015 hvort skólinn hefði það nám í boði sem viðkomandi hafði hug á að nema. Í ljós kom að allir nemendur fyrir utan tvo gátu farið í það nám sem þeir ætluðu sér (þessir tveir ætluðu báðir í matreiðslunám). Þá freistar skólinn þess að gera nemendur meðvitaðri um inntak námsbrauta með gerð námsáætlana þar sem nemendur skipuleggja sjálfir nám sitt. Þá tekur náms- og starfsráðgjafi viðtöl við alla nýnema ásamt forráðamönnum þeirra og umsjónarkennarar fara yfir námsval með nemendum. Í ljósi nemendafjölda má ljóst vera að skólanum er þröngt skorinn stakkur og í sjálfsmatinu kemur ekki fram hvers nemendur sakna helst í námsframboðinu. Niðurstaðan er áhugaverð í ljósi þess að langflestir nemenda 10. bekkjar Grunnskóla Vestmannaeyja sækja um nám í FÍV að grunnskólaprófi loknu. Jafnframt er hún áhugaverð í ljósi þess að bæði árin 2012 og 2013 lýstu 85% og 72% nemenda jákvæðu viðhorfi til skólans og kvæðu sig ánægða með hann en niðurstöður eru ekki til fyrir árið 2014.

Í viðauka er eitt af markmiðunum að brotthvarf verði innan við 7% árið 2015. Til að vinna að því hefur skólinn reglulega sent forráðamönnum ólöggráða nemenda yfirlit um ástundun þeirra. Þá hafa bæði kennarar og námsráðgjafi auk stjórnenda samband við nemendur sem ekki stunda nám sitt og eru forráðamenn hafðir með í ráðum. Að mati skólans hefur með auknu utanumhaldi tekist að draga úr brotthvarfi. Vissulega gefa brotthvarfstölur vor (6,2%) og haust (7,0%) 2015 til kynna að markmið skólans hafi náðst en of snemmt er að fullyrða um varanlegan árangur fyrir en mælitölur hafa fengist til lengri tíma.

Í ársskýrslu skólans 2013 kemur fram að framhaldsskólabraut og viðeigandi áfangalýsingar hafi verið skráð í námskrárgrunn en að því hafi verið unnið í samstarfi þriggja skóla og einn skólinn tekið að sér skráningu í námskrárgrunn. Í skólanámskrá FÍV er hins vegar engin námsbraut til sem heitir framhaldsskólabraut. Í vinnu við námsbrautir var hætt við að bjóða upp á þessa braut en í hennar stað kom framhaldsskólabró sem ekki hefur verið staðfest. Þar stunda 7 nemendur nám sem ekki luku tilsettum árangri úr grunnskóla vorið 2015 til að hefja nám á öðrum brautum. Einnig varð til grunnmenntabraut en enginn nemandi sótti um hana og ekki hefur verið sótt um staðfestingu fyrir brautina. Þá býður skólinn upp á almenna námsbraut og skilgreinir innan hennar þrjú áherslusvið sem nemendur hafa um að velja, þ.e. bóknám, verknám og íþróttá- og heilbrigðisfræði. Brautarlýsing hefur ekki verið skráð í námskrárgrunn.

Fimmta markmiðið í viðauka með skólasamningi lýtur að þarfagreiningu og kynningu á starfsnámi einkum í málmiðnaði. Í ársskýrslu 2013 segir um þetta markmið að sérgreina-kennari í málmiðngreinum hafi farið á alla vinnustaði þar sem málmiðnaðarmenn starfa og fundað með forsvarsmönnum fyrirtækjanna og starfsmönnum. Engin grein er gerð fyrir niðurstöðu fundanna eða því lýst með öðrum hætti hvernig þarfagreiningin fór fram. Hins vegar segir að verkefninu sé lokið og að nemendum hafi fjölgað í kjölfar kynningar á málmiðngreinum. Ástæða er til þess að skólinn geri betur grein fyrir þessu markmiði sínu.

Sjötta og síðasta markmið skólans laut að því að virkja umsjónarkennara í ríkara mæli og auka samvinnu við forráðamenn. Í ársskýrslum skólans 2013 og 2014 er vikið að þessu markmiði og sagt að framkvæmd þess hafi hafist á skólaárinu 2013–2014. Ekki er lýst hvernig að framkvæmdinni var staðið en frá því er greint 2013 að mælingar standi yfir. Sömu upplýsingar eru í ársskýrslu 2014. Á vormánuðum 2015 lágu niðurstöður fyrir, umsjónarkennarakerfið var illa nýtt og ákveðið að breyta fyrirkomulagi þess. Í stað þess að allir kennarar væru umsjónarkennarar voru umsjónarkennarar ráðnir úr hópi kennara í ljósi breytinga á kjarasamningi kennara.

Niðurstöður ytra mats

Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Viðmiðanir: Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Vísbinding:

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólafestefnu.	X			
2. Stefna skólans endurspeglar í öllum starfsháttum hans.		X		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	X	X		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	X	X		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.			X	

1.2. Um stjórnendur

Vísbending:

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	X			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	X	X		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	X			
9. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	X	X		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Vísbending:

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
10. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	X			
11. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	X			
12. Til eru skráðar verklagsreglur fyrir helstu verkferla.		X		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		X		
14. Skólinn hefur skilgreint verklag um viðbrögð við brotthvarfi nemenda.		X		

1.4. Um innra mat

Vísending:

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
15. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	X			
16. Innra mat byggir á vandaðri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	X	X		
17. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	X	X		
18. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	X	X		

Páttur 2: Kennsla og námsframboð

Viðmið: Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um námsbrautir

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Á sumum námsbrautum er megináherslan lögð á virkni nemenda í daglegu lífi, undirbúning fyrir frekara nám og störf sem ekki krefjast sérhæfðrar menntunar. Aðrar námsbrautir hafa þau lokamarkmið að undirbúa nemendur undir sérhæfð störf eða sérhæft nám á næsta skólastigi. Þannig þurfa námsbrautir að mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs um leið og þær tryggja nemendum alhliða almenna menntun.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
19. Námsbrautalýsingar veita nemendum fullnægjandi upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og stöðu þeirra að námi loknu.	X			
20. Námsbrautir uppfylla kröfur aðalnámskrár um grunnþætti og lykilhæfni.	X			
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna alla áfanga á námsbrautum skólans.	X	X		

2.2. Um kennsluhætti

Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	X	X		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	X	X		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		X		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		X		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		X		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		X		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		X		

2.3. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	X			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	X			

2.4 Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólustarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	X	X		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	X			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		X		

2.5. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum endurmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega endurmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		X	X	
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	X	X		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		X		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			X	

2.6. Um námsgögn

Námshögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námshögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýrasta. Námshögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námshögn eru notuð í kennslu.		X		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námshögnum.		X		
40. Skólinn notar rafræn námshögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		X		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námshögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	X	X		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námshögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	X	X		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	X	X		

Páttur 3: Samskipti og líðan

Viðmið: Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

3.1 Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	X			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	X			
46. Skýrt ferli er til við brotum á skólareglum.	X	X		

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að hjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	X	X		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		X		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	X	X		

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.		X	X	
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	X			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	X			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	X	X		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.		X	X	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	X	X		
56. Foreldrar fá fullnægjandi upplýsingar um námsstöðu og framfarir ólögráða barna sinna.	X			

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

4.1. Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
57. Húsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	X			
58. Skólabókasafnið uppfyllir þarfir skólans.	X	X		
59. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	X	X		
60. Verklegar kennslustofur hafa þann búnað sem nauðsynlegur er fyrir þá kennslu sem þar fer fram.		X		
61. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	X			
62. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	X			
63. Kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	X			
64. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.				X
65. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	X			

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólustarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólustarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
66. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi.		X		
67. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt.		X		
68. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	X	X		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
69. Skólinn hefur grunnþætti menntunar að leiðarljósi í skólastarfinu.	X	X		
70. Skólinn metur með skilvirkum hætti hversu vel nemendur tileinka sér grunnþætti menntunar.	X			
71. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	X			
72. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	X			
73. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	X			
74. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	X			
75. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	X			
76. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	X			

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Innra og ytra mat

	A	B	C	D
77. Þeir sem hafa útskrifast frá skólanum eru ánægðir með þá menntun sem þeir fengu.	X			
78. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	X			
79. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	X			

Viðauki

Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar)

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og þeirra hlutverka sem þar eru skilgreind. Hann skilgreinir hlutverk sitt, leiðarljós og stefnu í sérstöku skjali á heimasíðu sinni. Þar segist skólinn kynna helstu áherslur sínar undir tveimur meginmarkmiðum.

A. FÍV vill bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma.

B. FÍV vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.

Með hvoru markmiði fyrir sig eru sett fram sérstök áhersluatriði sem unnið skal að. Þessum markmiðum til viðbótar eru skilgreind sex tímabundin markmið í viðauka með skólasamningi 2013–2015 (sjá bls. 13–14).

Af markmiðssetningu skólans má ráða að stefna hans gagnvart námi, nemendum og starfsfólki er skýr og hún er skipulega sett fram. Sum tilgreindra undirmarkmiða er erfitt að meta, svo sem um víðsýni nemenda og aukið sjálfstraust þeirra, um framkvæmd annarra markmiða verður rætt síðar í þessari skýrslu.


Í heimsókn úttektaraðila í skólann kom víða fram í viðtölum að vinna að daglegri stefnumótun innan hans fer bæði fram með formlegum og óformlegum hætti. Formlega fer hún fram á skipulögðum starfsmannafundum en óformlega í samræðum manna í milli. Þá er áhugi starfsmanna á að taka þátt í stefnumótun til lengri sem skemmri tíma einstaklingsbundinn og í skóla af stærð FÍV munar um hvern einn sem situr hjá. Lítil áhersla virðist vera á að virkja nemendur og foreldra til stefnumótunarvinnu.

Á heimasíðu FÍV eru þrjú sérstök stefnuskjöl (forvarnarstefna, jafnréttisáætlun og starfsmannastefna), þrjár viðbragðsáætlanir (við einelti, vegna flensu og við jarðskjálfta), tvær rýmingaráætlanir (vegna jarðskjálfta og vegna elds) og móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þessi níu skjöl eru sum dagsett og önnur ekki, síðustu uppfærslur á vefnum virðast gerðar árið 2013 en elstu skjölin eru til muna eldri. Flest skjalanna eru aðgerðamiðuð en óvíst er hversu kunn þau eru nemendum og starfsmönnum.

Skráning á brotthvarfi og ástæðum þess er reglubundin en nokkuð skortir á að viðbrögð vegna þess séu nægilega skilgreind og markviss.

Unnið er að innleiðingu vottaðs gæðakerfis (ISO:9001) og vísir að gæðahandbók er kominn á heimasíðu. Vinnunni miðar frekar hægt en þó áleiðis. Unnið er að mótun ýmissa verklagsferla, kennarar þurfa að skila yfirliti yfir hvernig gengur að fylgja verklagsreglum og er farið yfir það.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er frekar fámennur skóli með litla yfirbyggingu. Endurskoðað skipurit hans tók gildi haustið 2014. Það er birt á heimasíðu og í *Sjálfsmatsskýrslu 2014*, bls. 10. Það er byggt á því að stjórnunarþrep séu skýr og kjarnastarfsemi skólans vel sýnileg (mynd 5).



Mynd 5. Skipurit FÍV 2014.

Skipuritið er tiltölulega einfalt að gerð og virðist í samræmi við raunveruleikann að því undanskildu að starf umsjónarmanns á kaffistofu kennara hefur verið lagt niður. Formleg starfsmannasamtöl eru ekki tíðkuð í skólanum.

Af síðustu sjálfsmatsskýrslum verður ekki ráðið að viðhorf nemenda, almennra kennara og annarra starfsmanna til stjórnenda hafi verið kannað sérstaklega en af viðtölum við einstaklinga og rýnihópa er ljóst að boðleiðir innan skólans eru stuttar, traust til stjórnenda er mikið og samskipti eru alla jafna til fyrirmyndar. Skólameistari nýtur almennrar virðingar sem faglegur leiðtogi en skýrar gagnrýnisráddir heyrast þó um að samráð hans við hagsmunaaðila þegar kom til fækkunar í starfsliði, lækkaðra starfshlutfalla og skertra starfskjara í tengslum við aðhaldsaðgerðir síðustu misseri hafi verið af skornum skammti. Til aðgerðanna var gripið vegna mikils rekstrarvanda skólans og ytri krafna um niðurskurð og meiri hagkvæmni í rekstri.

Örðugt er að meta heildstætt hvort eða hvernig grunnþáttum menntunar er sinnt í daglegu starfi FÍV. Skólinn er hefðbundinn áfangaskóli, náms- og kennsluhættir virðast í föstum skorðum og markvisst er unnið að eflingu sköpunar í námsferli allra nemenda. Áhrif nemenda á námsefni sem og kennsluaðferðir eru af skornum skammti, úrgangsflokkun er lítil, mötuneyti er hvorki til staðar fyrir nemendur né starfsfólk.

Árlegar sjálfsmatsskýrslur frá 2005 eru birtar á heimasíðu FÍV og þar eru einnig sundurliðaðar sjálfsmatsáætlanir til eins árs í senn. Sjálfsmatsaðferð skólans er stefnumiðað árangursmat (balanced scorecard) þar sem sett eru fram markmið, mælikvarðar (mælitæki) og aðgerðastig til þess að bregðast við niðurstöðum. Í grunninn er gengið út frá skorkorti FÍV sem til dæmis má sjá í *Sjálfsmatsskýrslu 2014*, bls. 24. Upplýsingar eru fengnar úr upplýsingakerfum skólans, þeirra er aflað með könnunum og nýttar eru utanaðkomandi upplýsingar, til dæmis úr árlegri könnun SFR stéttarfélags í almannatölu um Stofnun ársins en árið 2015 hlaut FÍV viðurkenninguna „hástökkvari ársins,“ fór úr 73. sæti á heildarlista stofnana í 13. sæti. Flestir matsþættir eru skoðaðir á þriggja ára fresti nema þeir sem ekki ná mælingum í samræmi við markmið. Í fyrrnefndri sjálfsmatsskýrslu segir að

aðgerðaáætlanir vegna sjálfsmats birtist bæði í skýrslunni og á heimasíðu skólans en á því er augljós misbrestur.

Annarri sjálfsmatsaðferð í FÍV er lýst á eftirfarandi hátt í *Sjálfsmatsskýrslu 2014* (bls. 27):

Plús Delta áfangamat er framkvæmt með þeim hætti að skólameistari fer inn í kennslustundir ásamt aðstoðarskólameistara (sem er ritari), kennarinn fer úr kennslustofunni. Skólameistari spyr tveggja spurninga: A. Hvað er gott við kennsluna í áfanganum? B. Hvað má betur fara? Ein spurning er borin fram í einu og fá nemendur umhugsunartíma. Skólameistari gengur á milli nemenda og fær svör við spurningunum og aðstoðarmeistari ritar svörin niður.

Í viðtölum kom fram ánægja skólastjórnenda með þessa aðferð en undirtektir nemenda voru dræmari.

Undir sjálfsmatsskýrslur 2012 og 2013 skrifuðu skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Starf hins síðastnefnda hefur verið lagt niður og undir síðustu skýrsluna rita skólameistari og aðstoðarskólameistari einir. Engin grein er gerð í skýrslunum fyrir sjálfsmatshópi sem starfar innan skólans þar sem kennarar, aðrir starfsmenn og nemendur eiga fulltrúa. Í viðtali við þann hóp kom fram að honum hefur hvorki verið sett erindisbréf né heldur virtist hópnum ljóst hvert hlutverk hans er við aðkomu að sjálfsmati Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

Styrkleikar

- Formleg stefnumótun FÍV er skýr og skipuleg.
- Skipurit skólans er einfalt og um flest í samræmi við raunveruleikann.
- Skólameistari nýtur almennrar virðingar sem faglegur leiðtogi.
- Boðleiðir innan skólans eru stuttar og greiðar, skrifstofur stjórnenda eru öllum opnar.
- Skráning á brotthvarfi og helstu ástæðum þess er reglubundin og greinargóð.
- Sjálfsmatsaðferðir virðast í nokkuð föstum skorðum.

Veikleikar

- Lítil áhersla er lögð á að virkja nemendur og foreldra til stefnumótunarvinnu.
- Endurskoðun á stefnuskjölum skólans er ekki nægilega markviss og ákveðið aðgerðaferli ekki tryggt í þeim öllum.
- Gerð gæðahandbókar skólans gengur of hægt.
- Lítið samráð er á milli yfirstjórnar og annarra starfsmanna við ákvarðanir um umtalsverðar breytingar á starfsumhverfi.
- Skortur er á reglubundnum formlegum starfsmannasamtölum.
- Viðbrögð vegna brotthvarfs nemenda eru óskilgreind og ómarkviss.
- Margir grunnþættir menntunar eru ekki vel sýnilegir í daglegu starfi.
- Hlutverk sjálfsmatshóps er óskilgreint, aðgerðaráætlanir í kjölfar sjálfsmats ekki sýnilegar og ábyrgðaraðilar á framkvæmd einstakra aðgerða óskilgreindir.

Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar)

Allar námsbrautir FÍV uppfylla skilyrði aðalnámskrár um grunnþætti og lykilhæfni og þær eru kynntar með fullnægjandi hætti á heimasíðu skólans en vinnu við nýja skólanámskrá er ekki að fullu lokið. Þrátt fyrir markmið skólans um að auka námsframboð eru takmarkaðir möguleikar til þess vegna nemendafæðar án samráðs eða samstarfs við aðra framhaldsskóla. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum.

Í rýnihópi kennara var samhugur um að þeir hafi mikið frelsi um kennsluaðferðir og kennsluhætti. Náms- og kennsluumhverfi Innu er notað til þess að birta nemendum kennsluáætlanir sem settar eru fram í stöðluðu formi í samræmi við forsögn í gæðahandbók, skrá einkunnir, fjarvistir o.fl. Við það hefur virkt aðhald aukist að mun. Sumir kennarar nota vefræna námsumhverfið með fjölþættari hætti, aðrir ekki. Í heild er ekki gert ráð fyrir reglubundinni tölvunotkun nemenda í kennslustundum og það fer eftir fyrirmælum kennara hverju sinni hvort nemendur mæta með fartölvur í skólann. Nemendur segja rafræn námsgögn lítið notuð og ómarkvisst og vilja sjá breytingar þar á. Í kennslumati á vorönn 2015 svöruðu tæp 80% þeirra því til að vinnufriður sé alltaf eða oftast í kennslustundum en á haustönn var hlutfallið ívið lægra, 71,5%. Að þeirra mati þarf meiri fjölbreytni í kennsluháttum og þeir tengja íhaldssemi og/eða frjálslyndi gagnvart breytingum meðal annars við lífaldur kennara.

Í þorrabyrjun 2016 var formlega opnuð fullkomnasta og stærsta Fab Lab smiðja Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í húsakynnum skólans og verður hún nýtt með skipulegum hætti í skólastarfinu. Í Fab Lab smiðjum eru kennd undirstöðuatriði stafrænnar framleiðslutækni, frá þrívíddarhönnun, til framleiðslu hluta og forritunar með hjálp tölvustýrðra tækja og tóla.

Í rýnihópi nemenda kom fram mikil ánægja með Fab Lab smiðjuna, aðstöðu og búnað í vélstjórn (nefndu sérstaklega nýjan suðhermi) en jafnframt var bent á að auka þurfi búnað til verklegra tilrauna í efna- og eðlisfræði. Undir það tóku nokkrir kennarar og þeir segja einnig að aðstaða til kennslu sjúkraliða sé ófullnægjandi.

Kennarahópurinn var sammála um að mikil umræða fari fram meðal þeirra um nám og kennslu og nefndu meðal annars að góð vinnuaðstaða þeirra hvetji til slíkrar samræðu. Þeirri samræðu til viðbótar eru haldnir fundir hálfsmánaðarlega til þess að efla þróunarsamstarf kennara og miðla reynslu og hugmyndum. Um möguleika sína til endur- og símenntunar benda kennarar hins vegar á margvísleg vandkvæði sem tengjast samgöngum. Endurmenntunartilboð séu gjarnan í Reykjavík síðdegis á virkum dögum og það eitt geri þeim óhægt um vik að nýta sér þau þótt hvatning skólameistara og vilji þeirra sjálfra sé fyrir hendi.

Formlegur samráðsvettvangur allra skólastiga er ekki til staðar í Vestmannaeyjum og vegna stærðar/smæðar skólans leiðir af sjálfu að margir kennarar eru einyrkjar á sínum fagsviðum. Þeir hafa þar með takmarkaða möguleika til þess að þróa kennslu sína í samstarfi við kollega í sömu námsgreinum. Formlegt samstarf við innlenda framhaldsskóla er ekki til staðar en nokkurt samstarf er við kennara í Tallinn um stærðfræði- og raungreinakennslu. Um reglulega endurgjöf á kennslu er ekki að ræða frá samstarfsfólki en skilaboð frá nemendum berast um fyrrnefnt Plús Delta áfangamat að því marki sem skólastjórnendur miðla þeim áfram. Í *Sjálfsmatsskýrslu 2014* (bls. 27) segir að rafrænt kennslumat hafi ekki verið notað á árinu 2014. Ástæðan er að sögn skólameistara sú að skipt var um tölvukerfi en stefnt er að því að niðurstöður rafræns kennslumats verði á „mínunum“ síðum kennara í Innu frá og með 2016.

Enn sem komið er er lítil reynsla af kennslu nemenda af erlendum uppruna í FÍV. Þeim fáu sem þar hafa verið hefur gengið mun verr en íslenskum nemendum. Það ræðst þó verulega af því úr hvaða umhverfi þeir koma. Þess má vænta að innan fárra ára fjölgi nemendum af erlendum uppruna í skólanum. Skólinn hefur mótað móttökuáætlun fyrir nýbúa.

Prófareglur, reglur um námsframvindu og einkunnakvarði fyrir miðannarmat eru á heimasíðu FÍV. Í þeim reglum eru ekki sett fram bein viðmið um það hvað hver einkunn

stendur fyrir. Þó eru sett þrjú þrep í miðannarmatið sem gefa nemendum upplýsingar um stöðu þeirra. Engin samræmd námsmats- eða kennslustefna er í skólanum en innbyrðis hlutföll námsmatsþátta eru tilgreind í kennsluáætlunum. Um það hvort námskröfur eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið (vísbending 32) er erfitt fyrir ytri matsaðila að meta en örugglega má gera nemendum skýrari grein fyrir þeim matskvörðum sem kennarar (og þar með skólinn) nota.

Starfsbraut hefur verið við FÍV síðan 1990. Hún er vel mönnuð og býr við ágætán húsakost sem aðra aðstöðu. Umhverfið er brautinni mjög hliðhollt og vel gengur að koma nemendum brautarinnar í starfsþjálfun þegar eftir því er leitað. Námsráðgjafi er í 60% starfi og annast hann meðal annars ýmis námstengd sérúræði fyrir þá nemendur sem þess þurfa með. Hann reynir að greiða fyrir úrlausn margvíslegra persónulegra vandamála einstakra nemenda og hann á í góðu samstarfi við félagsþjónustu bæjarins. Skólinn hefur hvorki beinan aðgang að hjúkrunarfræðingi né sálfræðingi en gott aðgengi er að þeim á heilsugæslustöð. Nemendur undir 18 ára fá tilvísun til sálfræðings frá lækni, félagsráðgjafa eða námsráðgjafa skólans og þurfa ekki að greiða fyrir þá þjónustu. Eldri nemar þurfa að greiða en ef þeir eru fjárhagslega illa staddir geta þeir sótt um styrk til bæjarfélagsins sem léttir undir. Um eða yfir 15% nemenda skólans eru með skilgreindar greiningar af einhverju tagi. Þeim er gjarnan mætt með frávikum við próftöku.

Í heild verður að telja ytri námsaðstæður í FÍV góðar. Húsakostur er nægur og þótt húsgögn þarfnist endurnýjunar er rúmt um nemendur og kennara sem nefna að hljóðkerfi vanti í kennslustofur. Þráðlaust netsamband í húsinu er gott en bókasafn skólans er undirmannað eins og fyrr er nefnt. Það er í allstóru rými en vegna mikils aðhalds í rekstri skortir fé til eðlilegrar endurnýjunar og aukningar á bókum og öðrum safnkosti. Á móti kemur að nemendur hafa fríán aðgang að Bókasafni Vestmannaeyja og geta fengið lánaðar bækur þar endurgjaldslaust.

Styrkleikar

- Allar námsbrautir uppfylla skilyrði aðalnámskrár um grunnþætti og lykilhæfni og þær eru kynntar með fullnægjandi hætti á heimasíðu skólans.
- Í FÍV er fullkomin og stór Fab Lab smiðja sem verður nýtt með skipulegum hætti í skólastarfinu.
- Búnaður til kennslu í vélstjórn er góður.
- Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum.
- Vinnuaðstaða kennara er góð.
- Starfsbraut er vel mönnuð og býr við góðan kost.

Veikleikar

- Rafræn námsgögn eru frekar lítið notuð og ómarkvisst.
- Kennsluhættir þróast ekki nægilega í takt við tölvu- og aðra tækniþróun.
- Búnaður til verklegar raungreinakenndu er ófullnægjandi.
- Aðstaða til kennslu sjúkraliða er ófullnægjandi.
- Kennarar eiga óhægt með að sækja sér reglulega endurmenntun vegna búsetu og erfiðra samgangna við Reykjavík.
- Kennarar eru margir einyrkjar og þar með einangraðir í sínu fagi.
- Námsmatsviðmið eru óskýr.
- Bókasafn er undirmannað og fjársvelt.

Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar)

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er frekar fámennur skóli. Sammæli er um það meðal nemenda sem starfsfólks að skólabragurinn einkennist að jafnaði af hlýju, persónuleg nánd sé mikil, boð- og samskiptaleiðir stuttar og greiðar og líðan allra aðila almennt mjög góð á vinnustaðnum.

Samhliða þessu álitu kom það skýrt fram í samtölum við einstaklinga sem rýnihópa að ytra umhverfi skólans sé honum ekki hliðhollt á allan hátt. Um meginástæðu þessa er gamalgróin vinnumenning Eyjanna sérstaklega tilgreind, þar sé „samfélag hinna vinnandi handa“ og álit margra sé að „kennarar vinna ekki.“ Flestir sem vettlingi geta valdið eiga kost á líkamlegri vinnu frá unga aldri, oft mikilli, og því sé tekjuöflun ungmenna auðveld. Flestir vinna með skóla og margir sjá sér lítinn hag í því að verja tíma sínum í nám umfram skólaskyldu. Krafan var sú að nemendur fengju frí úr skóla til að vinna þegar svo stóð á. Mikil pressa er enn á ungt fólk að afla fjár og því er hrósað fyrir að vera duglegt að vinna. Heimanám verður illa fyrir barðinu á viðhorfum og vinnumenningu samfélagsins því aðrir þættir lenda framur í forgangsröðinni.

Meðal afleiðinga af viðhorfum umhverfisins er það álit margra að nemendur FÍV séu ekki nægilega stoltir af skólanum sínum og því sem þar fer fram, þá vanti að sýna skólanum meiri hollustu. Þetta bitni á sjálfsmynd þeirra og hún einkennist fremur af öðru en því að vera nemendur þessa tiltekna skóla. Í *Sjálfsmatskýrslu 2014* (bls. 27) sést að ánægja nemenda með skólann sinn var sveiflukennd á árunum 2007–2013. Lægst var jákvæð svörun árið 2011, 53%, en hæst var hún árið eftir, 85%. Árið 2013 var hún 72%. Ekki kemur fram hve mörg svör eru að baki þessum tölum. Í sömu skýrslu kemur fram að þessi sömu ár, 2007–2013, sögðu um 80% nemenda sér líða vel í kennslustundum, þó að undanskildum árunum 2010 og 2011 þegar hlutfallið var aðeins 65–69%.

Allir nýnemar koma ásamt forráðamanni í viðtal við námsráðgjafa á fyrstu námsönn sinni í skólanum. Þar er meðal annars rætt um námsval, stöðu nemandans, markmiðssetningu hans og mögulegar sértækar þarfir. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag. Þeim nemendum sem þess þurfa er hægt að vísa á sálfræðing við Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum. Að sögn námsráðgjafa fjölgaði nemendum á haustönn 2015 sem leituðu til hans vegna kvíða og depurðar sem orsakaði slaka mætingu í skóla. Hverfi nemandi úr skóla er reynt að grafast fyrir um hver ástæðan er og hefur námsráðgjafi forystu um þá athugun. Að sögn skólameistara eru meginástæður brotthvarfs úr skóla vinna nemenda og margs konar veikindi.

Skólareglur eru birtar á heimasíðu FÍV en þær eru lítt eða ekki sýnilegar á veggjum skólans. Skólasóknarreglur eru sömuleiðis á heimasíðu og viðurlög við óheimilum fjarvistum eru skilgreind en víða kom fram í viðtölum að misbrestur sé á að reglubundið sé eftir þeim farið. Nemendum sé vissulega vísað úr áföngum vegna fjarvista en sjaldan eða ekki úr skóla.

Nemendafélag starfar innan FÍV sem ætlað er að gæta hagsmuna nemenda, skipuleggja félagsstarfsemi og vinna að góðri ímynd skólans á sem flestum sviðum. Á heimasíðu er stuttlega gerð grein fyrir félaginu og hlutverkum þess og þar eru upplýsingar um hvernig stjórn þess var skipuð skólaárið 2014–2015 (átta piltar og tvær stúlkur). Þá segir þar að félagsmálafulltrúi og forvarnafulltrúi starfi náið með félaginu. Fram kom í viðtölum að starfsemin sé misöflug milli ára eftir því hvernig tekst til við kjör stjórnar. Enginn fulltrúi nemendafélagsins kom til fundar við ytri matsaðila þrátt fyrir boðun en í almennum rýnihópi nemenda var sú skoðun sterk að félagið sé drengjamiðað, starfsemi þess fábreytt og ólýðræðisleg. Þetta sjónarmið heyrðist víðar og bent var á að aðstaða félagsins í skólanum sé ævinlega setin af drengjum (gjarnan í FIFA-leikjum) en stúlkur sjáist þar sjaldan. Að sögn nemenda gengur ekki vel að halda áfengislausu dansleiki á vegum nemendafélagsins og ýmis dæmi um það að nemendur mæti ölvadir til samkomuhaldsins. Ýmislegt er gert af hálfu

skólans til að hvetja nemendur til virkrar þátttöku í félagsstarfi, t.d. veittar námseiningar fyrir þátttöku í leiklist, kór o.fl.

Foreldrafélag er í FÍV en litlar upplýsingar er um það að hafa. Á heimasíðu skólans segir það eitt um félagið hverjir skipuðu stjórn þess skólaárið 2013–2014 en fundargerðir eru þar engar. Aðeins einn fulltrúi félagsins kom til fundar við ytri matsaðila (stjórn félagsins boðuð) og ytri matsaðilar telja sig hafa litlar forsendur til þess að meta hvort foreldrar álíta sig fá fullnægjandi upplýsingar um námsstöðu ólögráða barna sinna umfram það sem lesa má í INNU.

Styrkleikar

- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Drjúgum meirihluta nemenda líður vel í kennslustundum.
- Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans.
- Viðtöl námsráðgjafa við nýnema og forráðamenn þeirra eru vel heppnuð.

Veikleikar

- Gamalgróin vinnumenning Vestmannaeyja gerir skólanum á margan hátt erfitt fyrir, til dæmis hvað varðar almenn viðhorf til menntunar og heimanáms.
- Nemendur eru ekki nægilega stoltir af skólanum sínum og það hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra sem nemenda hans.
- Skólareglur eru lítt sýnilegar á veggjum skólans.
- Nemendafélagið er veikt og upplýsingar um það af skornum skammti á heimasíðu FÍV.
- Starfsemi foreldrafélagsins er veikburða, litlar upplýsingar er um það að hafa og skólinn lítur ekki á það sem mikilvægan samstarfsaðila.

Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar)

Húsnæði Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum var byggt í áföngum. Upphaflega var aðeins gert ráð fyrir bóknámi en upp úr 1990 var verknámsálmur bætt við. Vegna breytinga á námsframboði í tímans rás hefur nýting hússins tekið nokkrum breytingum en grunnskipan þess er þó óbreytt. Húsnæðið er rúmgott og að flestu leyti fer vel um þá starfsemi er þar fer fram. Kennslustofur eru lokaðar og vinna innan þeirra fer fram undir stjórn kennara. Skipulag hússins er vissulega með öðrum hætti en gerist í yngri skólabyggingum sem leggja meira upp úr opnum rýmum og greiðara flæði á milli þeirra. Námi er almennt verkefnamiðaðra en áður og það krefst rýmis sem reynt er að auka með því að heimila hluta vinnunnar utan veggja kennslustofa, s.s. á göngum og á bókasafni.

Keppst er við að gera skólann aðlaðandi, hafa hann hreinan og heimilislegan. Umgengni um húsið er almennt góð þótt umsýslarmaður segi sífelldan barning að fá nemendur til þess að fara úr útiskóm við anddyri eins og ætlast er til. Ræstingar hefjast skömmu fyrir lok skóladags og húsið er vel þrifið. Aðaldyr skólans eru ekki ætlaðar fötluðum en aðgengi fyrir þá er gott um aðra innganga. Lyfta er í húsinu.

Þökkalega rúmt er um verknám, þar er meðal annars nýr suðuhrmir en rennibekkir þarfnast brátt endurnýjunar. Fab Lab smiðjan er í stóru húsnæði. Bókasafn er í allstóru rými og þar þarf að auka verulega við húsbúnað til þess að gera aðstöðuna meira aðlaðandi fyrir notendur. Nauðsynleg endurnýjun borða og stóla í kennslustofum er hafin og þarf að halda áfram. Vinnuaðstaða kennara í risi verknámsálmur er með því besta sem gerist í íslenskum framhaldsskólum.

Tölvuver er á efstu hæð og smærri tölvueiningar víðar. Á neðstu hæð er sérstofa til kennslu í eðlis- og efnafræði en auka þarf búnað til verklegrar raungreinakennslu.

Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi því þeir eiga meðal annars greiðan aðgang að fyrrum íþróttasal skólans. Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja og er það eina kennslan sem ekki fer fram í skólahúsinu sjálfu.

Mötuneytismenning er lítil í Vestmannaeyjum og í FÍV er hvorki mötuneyti fyrir nemendur né kennara. Af því leiðir að flestir fara heim til sín í hádegismat og skólinn tæmist að mestu í hádegishléi. Við það rofnar samhengi daglegrar viðveru og afleiðingarnar eru meðal annars þær að minna tóm gefst en ella til hversdagslegra samræðna og samvista, þ.e. mótunar eiginlegrar skólamenningar, hvort heldur er meðal nemenda eða starfsfólks.

Styrkleikar

- Hús Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er rúmgott og að flestu leyti fer vel um starfsemina.
- Umgengni er almennt góð og þrif sömuleiðis.
- Vel er hugsað um tölvuver og tölvukerfi skólans.
- Vinnuaðstaða kennara er til fyrirmyndar.
- Félagssáttunemenda er fullnægjandi.

Veikleikar

- Bókasafn er ekki nægilega aðlandi og búnaður til verklegrar raungreinakennslu ónógur.
- Mötuneyti skortir fyrir bæði nemendur og kennara.

Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar)

Erfitt er að meta flest þau atriði sem vísbendingar þessa kafla taka til, þ.e. vísbendingar 66–79. Ástæðan er sú að töluleg gögn eru óvída fyrir hendi og í reynd hlýtur huglægt mat að ráða því hvernig sumum vísbendinganna er svarað. Í sjálfsmatsdrögum skólans sjálfs við undirbúning ytra matsins segir til dæmis um þessi atriði að skólinn sé fjölbrautaskóli sem taki „við öllum nemendum óháð getu og er því útskriftarhlutfall ásættanlegt. Nemendur sem útskrifast úr bóknámi útskrifast að meðaltali á 3,6 árum en útskriftarhlutfall á verknámsbrautum er ekki ásættanlegt en erfitt að eiga við.“ Viðmið um það hvað telst ásættanlegt er ekki sett fram.

Í skýrslu sem unnin var á vegum mats- og greiningarsviðs mennta- og menningarmála-ráðuneytis um brautskráningar þeirra sem hófu nám í framhaldsskólum árið 2007 kemur fram að 60% innritaðra það ár höfðu lokið námi sínu frá einhverjum framhaldsskóla sex árum síðar. Sé litið til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum var brautskráningarhlutfall þaðan 54% og var skólinn sautjándi í röð þeirra 28 skóla sem höfðu starfað nægilega lengi til þess að vera með í úttektinni. Langflestir þeirra skóla sem raðast framur en FÍV eru hreinir bóknáms-skólar og af því má e.t.v draga þá ályktun að miðað við aðra fjölbrautaskóla sé brautskráningarhlutfall Eyjaskólans ásættanlegt.

Annað sem kemur fram í sjálfsmatsdrögum FÍV er að grunnþættir menntunar séu hafðir að leiðarljósi og að þeir endurspeglar „í allri kennslu innan skólans“. Þetta er erfitt að meta en grunnþættirnir eiga eðli máls samkvæmt að tvinnast inn í einstakar námsgreinar og námsheildir auk þess að setja mark sitt á daglegt skólastarf, hvort heldur er á forsendum náms og kennslu, félagsstarfs nemenda ellegar í daglegum lífsháttum og venjum. Sé litið til þess að sýnileiki sumra grunnþáttanna er lítill í daglegri starfsemi (t.d. er lítill flokkun á úrgangi, skólinn rekur ekki mötuneyti í anda heilsueflandi framhaldsskóla og gagnrýni er uppi um kynjahalla og takmarkað lýðræði í félagsstarfi nemenda) má draga í efa að grundvallarhugsun að baki grunnþáttanna skili sér nægilega vel. Loks skal nefnt að skólinn hefur ekki komið sér upp neinum aðferðum til þess að meta hve vel nemendur hafa tileinkað sér þá hvern fyrir sig og líklega er svo um flesta framhaldsskóla.

Tölur um brotthvarf (sjá töflu 2) benda ekki með öruggum hætti til þess að tekist hafi að draga úr brotthvarfi nemenda þótt merkja megji vísbendingu í þá átt. Unnið er að frekari árangri á þessu sviði.

Engar kannanir eru til um það hvaða skoðun brautskráðir frá FÍV hafa á þeirri menntun sem skólinn veitti þeim né heldur hefur það verið kannað skipulega hvort nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi. Hins vegar er á það bent að fjölmargir stjórnendur í Vestmannaeyjum hafi gengið í skólann og það segi nokkuð um áhrif hans á bæinn og bæjarlífið. Það er réttmæt ábending en á móti má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að vænta þess að Eyjamenn með framhaldsmenntun séu líklegri til búsetu þar en aðrir með sambærilega menntun. Þá skal á það minnt að beðið er eftir hverjum og einum sem brautskráist úr vélstjórn og má fullyrða að þar mætir skólinn mikilli staðbundinni þörf.

Loks sýna stofnun Fab Lab smiðjunnar, ný námskrá skólans og innleiðing ISO gæðakerfisins að skólinn hefur fullan vilja til þess að sýna í verki áhuga sinn til þess að svara þörfum samfélagsins í bráð og lengd.

Styrkleikar

- Vísbendingar eru um að brautskráningarhlutfall FÍV sé ásættanlegt miðað við aðra fjölbrautaskóla á Íslandi.
- Vísbendingar eru um að tekist hafi að draga úr brotthvarfi nemenda frá skóla.
- Vélstjórnarnámið svarar mikilli þörf á „heimamarkaði“ skólans.
- Skólinn sýnir ríkan vilja til þess að svara þörfum samfélagsins í bráð og lengd.

Veikleikar

- Nothæfar aðferðir skortir til þess að meta hversu vel skólinn sinnir grunnþáttum menntunar.
- Grunnþættir menntunar eru ekki nægilega sýnilegir í daglegu skólastarfi.
- Þekkingu skortir á afdrifum brautskráðra á næsta skólastigi.

Viðauki: Heimildir og tilvísanir

Tölulegar upplýsingar um Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum í fyrri hluta skýrslunnar byggja aðallega á innsendum gögnum frá skólameistara, ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum skólans og eru þær heimildir ekki skráðar sérstaklega hér. Hins vegar eru nefndar skriflegar og munnlegar heimildir og önnur gögn sem styðja beint við mat á einstökum þáttum í síðari hlutanum. Ekki er vísað til einstakra rýniviðtala um tiltekin tölusett efnisatriði vegna rekjanleika til nafngreindra einstaklinga. Ekki er heldur vísað til heimilda um mat á hverju tölusettu atriði fyrir sig af sömu ástæðum en látið nægja að flokka helstu heimildir eftir matsþáttunum fimm.

Mats- þættir	Heimildir
1–18: Stjórnun og skipulag	<i>Ársskýrslur og skólasamningar.</i> (2014). Vefslóð: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/samingar_2012/fiv-vidauki.pdf .
	<i>Gæðahandbók.</i> Vefslóð: https://veita2.focal.is/customers/fiv/qmam.nsf/mainWeb?OpenForm .
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=58317&tId=1 .
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FÍV.
	<i>Sjálfsmat Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.</i> Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27386&tre_rod=004 006 &tId=1 .
	<i>Skipurit.</i> (2014). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27320&tre_rod=004 007 &tId=1 .
	<i>Stefnumiðað árangursmat: sjálfsmatstæki.</i> (2007). Vefslóð: http://www.fiv.is/Files/Skra_0033477.pdf .
	<i>Stefnuskrá.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27389&tre_rod=004 010 &tId=1 .
	<i>Stofnun ársins 2015.</i> (2015). Vefslóð: http://sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2015/ .
	<i>Viðbragðsáætlanir.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=45691&tre_rod=004 013 &tId=1 .
	19–43: Kennsla og náms- framboð
<i>Ársskýrsla 2014.</i> (2014). Vefslóð: http://www.fiv.is/Files/Skra_0070499.pdf .	
Gögn frá skólameistara, s.s. kennsluáætlanir.	
<i>Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.</i>	
<i>Miðannarmat.</i> Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=61090&tre_rod=001 011 &tId=1 .	
<i>Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=58317&tId=1 .	
<i>Námsráðgjöf.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27419&tre_rod=003 003 &tId=1 .	
<i>Ný og endurbætt Fab Lab smíðja opnuð í Eyjum.</i> (2016). Vefslóð: http://www.nmi.is/frettir/2016/01/ny-og-endurbætt-fab-lab-smidja-opnud-i-eyjum/ .	
<i>Prófreglur.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27396&tre_rod=001 012 &tId=1 .	

	<p><i>Reglur um námsframvindu.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27397&tre_rod=001 013 &tId=1.</p> <p>Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FÍV.</p> <p><i>Starfsbraut.</i> (2014). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27437&tre_rod=001 003 009 &tId=1.</p> <p><i>Sjálfsmatsskýrsla 2014.</i> (2015). Vefslóð: http://www.fiv.is/Files/Skra_0070500.pdf.</p>
44–56: Samskipti og líðan	<p><i>Gögn frá skólameistara.</i></p> <p><i>Nemendafélag Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.</i> (2015). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27405&tre_rod=006 001 &tId=1.</p> <p>Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FÍV.</p> <p><i>Sjálfsmatsskýrsla 2014.</i> (2015). Vefslóð: http://www.fiv.is/Files/Skra_0070500.pdf.</p> <p><i>Skólareglur.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27395&tre_rod=001 008 &tId=1.</p> <p><i>Skólasóknarreglur.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27394&tre_rod=001 010 &tId=1.</p> <p><i>Stjórn FHFÍV veturinn 2013–2014 skipa.</i> (2014). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=55100&tre_rod=006 002 &tId=1.</p>
57–65: Húsnæði og aðbún- aður	<p><i>Húsnæði.</i> (2013). Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27317&tre_rod=004 003 &tId=1.</p> <p>Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FÍV.</p>
66–79: Lykil- árangur	<p><i>Drög: viðmið og leiðbeiningar fyrir sjálfsmat skóla til undirbúnings ytri úttekt.</i> [2015]. Gögn frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.</p> <p>Gunnar J. Árnason. (2014). <i>Dreifing brautskráninga eftir útskriftartímabilum.</i> Skýrsla frá mats- og greiningarsviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.</p> <p>Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FÍV.</p> <p><i>Sjálfsmat Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.</i> Vefslóð: http://www.fiv.is/default.asp?sid_id=27386&tre_rod=004 006 &tId=1.</p>

Fylgiskjal

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Helga Kristín Kolbeins, skólameistari
Dalavegi,
900 Vestmannaeyjum

Akureyri 18. nóvember 2015

Efni: Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Af hálfu Námsmatsstofnunar hefur okkur undirrituðum verið falið að annast ytri úttekt á Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Úttektin verður byggð á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana. Við óskum eftir góðu samstarfi við stjórnendur skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 10. desember nk.:

- *Ársskýrsla 2014–2015.*
- *Gildandi skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur.*
- *Árlegur kennslutími (síðasta skólaár).*
- *Kennsluáætlanir allra áfanga á haustönn 2015.*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Aðsókn og innritun nemenda á vorönn 2015 og haustönn 2015 eftir kynjum og árgöngum.*
 - *Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2010–2015.*
 - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2014 og haust 2015)?*
 - *Fjöldi vottaðra námsbrauta, heiti og lýsingar.*
 - *Skipting nemenda á námsbrautir 2010–2015 greind eftir kynjum.*
 - *Meðalstærð námshópa vor og haust 2015.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda vorið 2015 og haustið 2015.*
 - *Brottfall nemenda á árunum 2010–2015.*
 - *Brautskráningar eftir námsbrautum 2010–2015.*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks haust 2015.*
 - *Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum haust 2015.*
 - *Starfsaldur kennara við a) FIV og b) aðra skóla.*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.*
- *Menntun kennara:*
 - *Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með aðra menntun.*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara og forfallakennslu á vorönn 2015.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2015.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu (t.d. í viðauka við skólasamning).*

Ef einhverjar framangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann mánudag og þriðjudag 11. og 12. janúar nk. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Mánudagur 11. janúar

8:30–9:10	Gengið með skólameistara um húsnæði skólans – vettvangsathugun
9:10–10:30	Skólameistari
10:45–11:15	Umsjónarmaður fasteigna
11:30–12:10	Námsráðgjafi og sérkennari starfsbrautar
13:00–13:45	Bókasafnsfræðingur og kerfisstjóri
14:00–14:45	Rýnihópur 6 kennara (4 bóknáms og 2 verknáms)
15:00–15:30	Stjórn nemendafélags, forvarnafulltrúi
15:45–16:15	Stjórn foreldrafélags

Þriðjudagur 12. janúar

8:30–9:15	Fjármálastjóri og skrifstofustjóri
9:30–10:15	Rýnihópur 8 nemenda (5 bóknáms og 3 verknáms)
10:30–11:00	Formaður skólanefndar
11:15–12:00	Aðstoðarskólameistari
13:00–14:00	Sjálfsmatshópur

Leitað verður eftir því við trúnaðarmann að finna kennara til að taka þátt í rýnihópi. Biðjum við um að fá sent netfang trúnaðarmanns svo við getum sent honum tölvupóst um úttektina. Á sama hátt biðjum við um netfang formanns nemendafélags skólans en við munum sendum honum ósk um að finna nemendur í rýnihóp til viðræðna við okkur. Væntum við þess að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við ofangreint. Ef hagfelldara er fyrir skólann að breyta innri uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu undirritaðra.

Með bestu kveðju.

